REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995, um úthafsrækjuveiðar og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Með reglugerð þessari er fellt úr gildi ákvæði til bráðabirgða við reglugerð nr. 303/1995. Jafnframt er sett nýtt ákvæði til bráðbirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði út af Norðvesturlandi, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°14'30 N - 26°00'00 V
2. 66°30'00 N - 26°00'00 V
3. 66°10'00 N - 26°40'00 V
4. 66°10'00 N - 28°20'00 V
5. 66°20'00 N - 27°40'00 V
6. 66°55'00 N - 27°00'00 V

Ákvæði þetta gildir til 1. júlí 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.